



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 10. janúar 2024

2304024SA VRH
Málalykill: 00.03

Efni: Boðun XXXIX. landsþings sambandsins

Samkvæmt 7. gr. samþykktu Sambands Íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXIX. landsþings sambandsins fimmtudaginn 14. mars nk.

Landsþingið verður að þessu sinni haldið í Silfurbergi í Hörpu og hefst það kl. 10:00 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:45 síðdegis. Að þinginu loknu er áformað að halda aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað kl. 16:00, en þar eiga allir fulltrúar í sveitarstjórnnum seturétt. Að loknum aðalfundi lánasjóðsins býður sjóðurinn til móttöku. Til aðalfundar lánasjóðsins verður boðað með sérstöku bréfi frá sjóðnum.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktu sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 1. mars 2024.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson

Valur Rafn Halldórsson
sviðsstjóri þjónustusviðs